

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

Gjald- flokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
A.1	120 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	46.700
A.2	120 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	56.700
A.3	240 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	64.800
A.4	240 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	74.800
A.5	360 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	97.200
A.6	360 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	107.200
A.7	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	178.200
A.8	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	205.700
		<i>kr./losun</i>
A.9	3 m ³ gámur	20.700
A.10	4 m ³ gámur	24.400
A.11	5 m ³ gámur	28.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

Gjald- flokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
B.1	240 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	7.600
B.2	240 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	10.800
B.3	360 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	11.400
B.4	360 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	14.600
B.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	20.900
B.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	29.700
		<i>kr./losun</i>
B.7	3 m ³ gámur	4.400
B.8	4 m ³ gámur	4.500
B.9	5 m ³ gámur	4.600

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

Gjald- flokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
C.1	240 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	5.400
C.2	240 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	8.600
C.3	360 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	8.100

C.4	360 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	11.300
C.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	14.850
C.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	23.650

		<i>kr./losun</i>
C.7	3 m ³ gámur	1.000
C.8	4 m ³ gámur	1.000
C.9	5 m ³ gámur	1.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, matarleifar:

<i>Gjald- flokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
D.1	140 l tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	18.100
D.2	140 l tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	28.100
		<i>kr./losun</i>
D.3	3 m ³ gámur	6.500

Gjald fyrir tvískiptar tunnur:

<i>Gjald- flokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
E.1	240 l tvískipt tunna fyrir blandaðan heimilisúrgang (60%) og matarleifar (40%) sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	49.500
E.2	240 l tvískipt tunna fyrir blandaðan heimilisúrgang (60%) og matarleifar (40%) sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	59.500
E.3	240 l tvískipt tunna fyrir pappírsefni (60%) og plast (40%) sótt minna en 15 metra frá hirðubíl	9.900
E.4	240 l tvískipt tunna fyrir pappírsefni (60%) og plast (40%) sótt meira en 15 metra frá hirðubíl	13.100

Gjaldi fyrir tunnur og ker er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun eða endurvinnslu úrgangs. Gjaldi fyrir gáma er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu og förgun eða endurvinnslu.

Aðrir gjaldaliðir.

Merkir pokar fyrir tilfallandi, umfram blandaðan úrgang: 2.428 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun: 8.916 kr./ferð, auk 3.120 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun djúpgáma: 13.166 kr./ferð, auk losunargjalds djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva: 21.700 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar- og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 4.140 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og öðlast gildi 1. janúar 2025. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1280/2023.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 2024.

Einar Þorsteinsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024